

# Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 25. febrúar 2026

Mál nr. E-78/2024:

**Guðjón Bjarnason**

(Jóhann Fannar Guðjónsson lögmaður)

gegn

**Kristni Þór Egilssyni**

(Fjölur Vilhjálms lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl., var höfðað 15. október 2024 af Guðjóni Bjarnasyni, kt. [...], [...], Patreksfirði, á hendur Kristni Þór Egilssyni, kt. [...], [...], Patreksfirði.

Stefnandi krefst þess að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur stefnanda að bifreið af gerðinni Jeep Willys, skráningarnúmer B476, fastanúmer BÖ942, og að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnanda bifreiðina að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 50.000 krónur.

Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar sér að skaðlausu í samræmi við málskostnaðaryfirlit.

### Helstu málsatvik.

Stefnandi kveðst hafa verið skráður eigandi bifreiðarinnar sem dómkröfur hans taka til allt frá árinu 1974. Stefnandi hafi m.a. smíðað hús á bifreiðina og haft hana til eigin nota. Aðilar eru ósammála um tildrög þess að bifreiðin komst í hendur stefnda en af gögnum málsins má ljóst vera að Kristinn Ólafsson heitinn, móðurbróðir stefnanda, var með hana til umráða árin 1983-1985. Stefndi kveðst hafa fest kaup á bifreiðinni af Kristni í þeim tilgangi að varðveita sögulegt gildi hennar. Á jörðinni Hnjóti stendur nú Minjasafn Egils Ólafssonar en Egill var faðir stefnda. Safnið er í eigu sveitarfélagsins Vesturbyggðar en það mun hafa verið gefið einu þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust í Vesturbyggð árið 1983. Stefnandi fullyrðir hins vegar í stefnu að stefndi hafi fengið bifreiðina að láni til þess að sýna hana á safninu.

Með aðfararbeiðni 9. maí 2011, sem barst dómstólnum 16. sama mánaðar, krafðist Minjasafn Egils Ólafssonar dómsúrskurðar um að tilteknir munir yrðu teknir með beinni aðfarargerð úr vörslum stefnda og fengnir safninu til umráða. Meðal munanna voru tvær bifreiðar af gerðinni Willys Jeep, þ. á m. sú bifreið sem deilt er um í máli þessu. Með úrskurði dómstólsins í máli nr. A-3/2011 var fallist á kröfu safnsins um að önnur bifreiðin yrði tekin úr vörslum stefnda en kröfu hans hrundið varðandi þá bifreið sem hér er til umfjöllunar.

Með úrskurði dómstólsins 8. janúar 2024 var kröfu stefnanda um að fá bifreiðina tekna með beinni aðfarargerð úr vörslum stefnda hafnað. Úrskurður dómstólsins var kærður til Landsréttar en málinu var vísað frá Landsrétti með úrskurði 9. febrúar 2024 í máli nr. 74/2024. Í kjölfarið höfðaði stefnandi mál þetta.

Ekki varð af fyrirhugaðri aðalmeðferð málsins 3. nóvember 2025 vegna veikinda dómara. Aðalmeðferð fór fram 2. febrúar sl. og gáfu stefnandi og stefndi aðilaskýrslu. Þá voru teknar skýrslur af vitnunum Björgvini Sigurjónssyni, fyrrverandi oddvita Tálknafjarðarhrepps, Úlfari B. Thoroddsen, fyrrverandi forseta bæjarstjórnar Vesturbyggðar og Maríu Óskarsdóttur, fyrrverandi safnstýru á Hnjóti.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir á því að hann hafi verið eigandi hinnar umþrættu bifreiðar sleitulaust frá árinu 1974. Um sé að ræða skráningarskylt lausafé sem háð sé opinberri skráningu en þessi skráning styðji óslitið eignarhald stefnanda. Beri stefndi sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða. Bifreiðin sé þannig eign stefnanda sem hafi í reynd haft allar eindir eignarréttar árum saman þótt bifreiðin hafi verið í láni hjá stefnda. Hin opinbera skráning varpi skýru ljósi á að stefndi geti ekki á neinu stigi hafa litið svo á að hann hafi orðið eigandi bifreiðarinnar en í því sambandi vekur stefnandi athygli á því að þegar stefndi hafi fengið hana að láni hafi hún verið með skráningarkerki og í umferð.

Stefnandi leggur áherslu á það að með því að lána bifreiðina til sýnis á safni hafi ekki með neinum hætti verið gefið til kynna að stefndi öðlaðist eignarrétt yfir bifreiðinni. Stefndi hafi enn fremur aldrei nýtt bifreiðina til aksturs eða tileinkað sér hana með nokkrum hætti. Geti stefndi ekki byggt eignarhald á ætluðu framsali frá Kristni Ólafssyni. Óháð annmörkum á efni þess skjals sem stefndi hafi vísað til sé ljóst að stefndi geti ekki öðlast ríkari rétt en Kristinn heitinn sem aldrei hafi átt bifreiðina eins og stefnda hafi mátt vera ljóst með tilliti til opinberrar skráningar. Með vísan til þessa séu engin

skilyrði hefðar uppfyllt. Stefndi hafi þannig hvorki öðlast eignarrétt yfir bifreið stefnanda fyrir framsal né með öðrum hætti.

Stefnandi kveðst höfða málið í því skyni að afla sér enn afdráttarlausari eignarheimildar en leiði af opinberum skráningum. Dagsektarkrafa fá m.a. stoð í 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 og sé sett fram í því skyni að frekari dráttur verði ekki á afhendingu eignar stefnanda að dómi gengnum.

Hvað málskostnað varðar er bent á að stefnandi sé nauðbeygður til að höfða málið til að afla sér dóms fyrir eignarrétti sínum og rétti til að fá bifreiðina tekna úr vörslum stefnda, þrátt fyrir opinbera skráningu sem styðji eignarhald hans. Um lagarök vísar stefnandi einkum til reglna eignarréttarins og gildi opinberra skráninga vegna eignarréttinda. Þá vísar stefnandi til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðjist við XXI. kafla laganna, einkum 129. og 130. gr. þeirra.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda.*

Í greinargerð stefnda kemur fram að þegar kaup stefnda á bifreiðinni af nafna sínum Kristni Ólafssyni hafi verið afráðin hafi sá síðarnefndi ritað undir tilkynningu um sölu hennar. Fram komi í tilkynningunni að það hafi verið á könnu seljanda að koma henni til stjórnvalda en ekki kaupanda. Stefndi tekur fram að tvö eintök hafi verið gerð af tilkynningunni og hafi stefndi varðveitt annað þeirra. Stefndi geti ekki fullyrt um það hvort Kristinn Ólafsson hafi skilað skjalinu inn. Fljótlega eftir kaupin hafi stefndi komið bifreiðinni fyrir í geymslu og tekið hana af númerum. Allt frá þeim tímapunkti hafi bifreiðin lítið sem ekkert verið hreyfð og hún ekki verið í eiginlegri notkun.

Stefndi kveðst hafa sent lögmanni stefnanda tilkynninguna til sönnunar á eignarrétti sínum þegar stefnandi krafðist afhendingar bifreiðarinnar síðla árs 2023. Í aðfararbeiðni stefnanda sé staðhæft að hann hafi ekki forsendur til að taka afstöðu til uppruna skjalsins og hvort það stafi frá Kristni Ólafssyni. Við skýrslugjöf sína við aðalmeðferð máls nr. A-91/2023 hafi stefnandi hins vegar skýrlega viðurkennt að skjalið stafi frá Kristni og hafi að geyma undirritun hans. Með vísan til þessa virðist óhætt að fullyrða að óumdeilt sé að hann hafi ritað undir tilkynninguna.

Stefndi segir stefnanda engin gögn hafa lagt fram sem hnekki frásögn stefnda um það hvernig bifreiðin komst í vörslur hans. Ekki verði litið fram hjá því að stefnandi hafi ítrekað orðið margsaga um þetta atriði. Í stefnu staðhæfi stefnandi að stefndi hafi fengið bifreiðina að láni þar sem til hafi staðið að hafa hana til sýnis á Minjasafni Egils Ólafssonar á Hnjóti. Stefndi mótmælir þessu sem röngu og ósönnuðu. Stefnandi láti þess ógetið að tilgreina í atvikalýsingu sinni á hvaða tímapunkti stefndi hafi átt að hafa fengið bifreiðina lánaða hjá stefnanda á þeim rúmu 40 árum sem bifreiðin hafi verið í vörslum stefnda. Þvert á móti hafi stefnandi látið nægja að nota orðalagið „á sínum tíma“. Málartilbúnaður stefnanda sé að þessu leyti óskýr og óljós og stefnandi hafi engin gögn lagt fram sem renni stoðum undir þessar fullyrðingar.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi, í framburði sínum fyrir dómi, sagt umrædda bifreið hafa verið hluti af þeim eignum sem Minjasafn Egils Ólafssonar hafi krafist afhendingar á úr vörslum stefnda með málsókn. Stefndi getur sér til um það að vísað sé til aðfararmáls frá 11. nóvember 2011 á hendur stefnda þar sem Minjasafnið hafi krafist afhendingar á tilgreindum munum í 12 töluliðum, þ. á m. umræddri Willys-bifreið, sbr. mál nr. A-3/2011. Vitnað er til framburðar stefnanda í málinu:

*[...] þessi bíll var í tólf hluta málsókn á hendur [stefnda] fyrir einhverjum tólf, fimmtán árum sem að Björn einhver Jóhannsson, held ég, lögmaður Vesturbyggðar, það var frá hendi Vesturbyggðar, sem að ég fékk þá til að hafa þennan bíl inni í þeim pakka þegar það var gert, og þá náðust út einhverjir munir, ég man nú ekki hvað það var, allavega annar Willys-jeppi, sem var þarna í þessum pakka, og eitthvað meira, en eftir stóð þessi bíll og fleiri sem ekki náðist að heyra og klára.*

Stefndi kveður ekki hægt að skilja umræddan framburð öðruvísi en svo að stefnandi hafi hlutast um að Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur, sem eigendur Minjasafnsins, næðu með ólögætum hætti umráðum yfir bifreiðinni. Á þeim tíma hafi stefnandi ekki komið þeim skilningi á framfæri að hann ætti bílinn en ekki Minjasafnið. Í aðfararbeiðni stefnanda frá 7. september 2023 hafi stefnandi aðra sögu að segja en þar staðhæfi stefnandi að hann hafi sjálfur hlutast til um það að fá bifreiðina geymda hjá stefnda. Þriðja útfærslan komi fram í framburði stefnanda fyrir dómstólnum en þar segi að það hafi verið stefndi sem „virðist hafa náð þessum bíl af Kristni Ólafssyni til þess að

afhenda á safnið.“ Megi skilja framburð stefnanda sem svo að stefnandi brigsli stefnda um að hafa vélað bifreiðina af Kristni heitnum vitandi að stefnandi ætti bifreiðina en stefndi mótmælir þessu alfarið sem ærumeiðandi aðdróttunum.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi engar haldbærar skýringar fært fram fyrir því að Kristinn Ólafsson heitinn hafi greitt tryggingar og verið skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt opinberri skráningu. Stenst sú fullyrðing ekki að það hafi verið vegna afnota Kristins. Þess beri að geta að í téðu aðfararmáli hafi stefnandi staðhæft að hafa keypt bifreiðina árið 1973 en gögn beri með sér að það hafi verið ári síðar.

Stefndi kveður framangreindar frásagnir stefnanda afar ótrúverðugar. Sé það alvarlegt mál fyrir stefnanda að draga stefnda fyrir dómstóla og hafa af honum umrædda bifreið með tilheyrandi tjóni fyrir stefnda. Þá sé gagnaframlagning stefnanda verulega rýr og byggj í raun einvörðungu á einu skjali, þ.e. útprentun af vef Creditinfo um eigandaferil bifreiðarinnar. Fyrirtækið sé hvorki opinber stofnun né stjórnvald heldur hýsi einungis upplýsingar. Að öðru leyti sé málatilbúnaður stefnanda að nær öllu leyti byggður á einhliða staðhæfingum hans um málsatvik. Engin gögn liggi fyrir um að stefnandi hafi lánað Kristni Ólafssyni bifreiðina. Þá liggi heldur engin gögn fyrir um að samist hafi milli þeirra frænda um að Kristinn greiddi fyrir váttryggingar bifreiðarinnar og bifreiðagjöld á meðan hann hafði afnot af henni. Með hliðsjón af skráningarskírteini bifreiðarinnar, kvittunum fyrir bifreiðagjöldum og tryggingum sé ranglega staðhæft að stefnandi hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar frá árinu 1974. Í öllu falli sé sú skráning röng. Þá komi hvergi fram í skriflegum gögnum hvenær stefnandi hafi átt að hafa afhent stefnda bifreiðina til geymslu eða láns. Stefnandi staðfesti í framburði sínum fyrir dómi að hann hafi ekki vitjað bifreiðarinnar svo áratugum skipti. Þessi óskýrleiki og hagfelldar eftiraskýringar stefnanda eigi sér ekki aðrar skýringar en þær að málatilbúnaður stefnanda sé tilbúningur einn.

Stefndi byggir á því að hann hafi fært fullnægjandi sönnur á eignarétti sínum með vísan til gagna málsins. Í fyrsta lagi hafi stefndi keypt bifreiðina af Kristni Ólafssyni í desember 1985 með vísan til tilkynningar 26. desember 1985 um sölu bifreiðarinnar. Í annan stað bendi gögn málsins til þess að bifreiðin hafi sannarlega verið í eigu Kristins á þeim tíma, sbr. skráningarskírteini og greiðslu opinberra gjalda og trygginga. Í þriðja lagi hafi stefndi verið í góðri trú um að Kristinn hafi verið eigandi bifreiðarinnar á þeim tímamarki og fyrir þá sök unnið sér eignarrétt yfir bifreiðinni á grundvelli hefðar. Bendir

stefndi á það að hefðartími lausafjármuna sé 10 ár samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1905 en stefndi hafi verið með bifreiðina í vörslum sínum margfaldan þann tíma.

Varðandi skráningu Creditinfo bendir stefndi á að hún beri með sér að bifreiðin hafi verið nýskráð árið 1899 sem standist af augljósum ástæðum ekki. Í öðru lagi hafi engar skoðanir opinberra skoðunaraðila verið skráðar í gagnagrunn fyrirtækisins. Skráningarskírteini bifreiðarinnar sýni að bifreiðin hafi verið færð til skoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins árin 1983-1985. Skráningin sé því fjarri því að vera óskeikul og ekki hægt að taka upplýsingarnar trúanlegar án frekari könnunar. Stefndi vekur athygli á þeim fyrirvara sem gerður er við skráninguna af hálfu starfsmanna fyrirtækisins.

Stefndi telur ljóst að eignarhald Kristins Ólafssonar á bifreiðinni árin 1983-1985 sé hafið yfir allan vafa. Samkvæmt reikningum sem lagðir hafi verið fram fyrir dóminum sé hann tilgreindur greiðandi og þar af leiðandi eigandi bifreiðarinnar. Komi sú tilgreining heim og saman við þær upplýsingar sem fram komi í skráningarskírteini. Af reikningi frá 1983 megi sjá staðfestingu með handrituðum texta starfsmanns Samvinnutrygginga og stimpil Samvinnubankans á Patreksfirði sem muni hafa verið umboðsaðili Samvinnutrygginga Íslands á þeim tíma. Á skráningarskírteininu sé að finna nafn Kristins Ólafssonar sem eiganda bifreiðarinnar og Samvinnutrygginga Íslands sem váttryggjanda sem komi heim og saman við kvittanir fyrir greiðslu iðgjalda. Sjá megi upphafsstafi afgreiðslumanns, P.J., en stefndi byggir á því að um sé að ræða Pál Janus Pálsson sem virðist einnig hafa ritað undir skírteinið f.h. Bifreiðaeftirlits ríkisins. Þá sé verksmiðjunúmer bifreiðarinnar í skráningarskírteininu það sama og tilgreint sé í skráningu Creditinfo. Af framanrituðu byggir stefndi á því að það sé hreint útilokað að skráning Creditinfo geti réttilega endurspeglað eignarhald stefnanda á bifreiðinni. Stefndi hafi lagt fram samtímagögn sem bendi í aðra átt.

Stefndi bendir á að gögn málsins beri með sér að bifreiðin hafi verið afskráð 7. nóvember 1989. Skilja megi málatilbúnað stefnanda sem svo að hann hafi engin afskipti haft af bifreiðinni allt frá árinu 1982 er Kristinn Ólafsson hafi fengið hana „að láni“. Komi sú frásögn ekki heim og saman við þá staðreynd að bifreiðin hafi verið afskráð mörgum árum síðar en eðli máls samkvæmt þurfi samþykki eiganda bifreiðarinnar til þess.

*Forsendur og niðurstaða.*

Í máli þessu er deilt um eignarhald á bifreið sem verið hefur í vörslum stefnda í rúmlega 40 ár. Líkt og áður segir eru aðilar ósammála um tildrög þess að bifreiðin komst í vörslur stefnda en af hans hálfu hefur komið fram að hann hafi fest kaup á henni af nafna sínum, Kristni Ólafssyni heitnum, árið 1985. Stefnandi byggir hins vegar á því að hann hafi einungis lánað Kristni bifreiðina og geti stefndi ekki eignast betri rétt en Kristinn hafi átt.

Óslitið eignarhald á lausafé í 10 ár er skilyrði hefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um hefð nr. 46/1905. Samkvæmt 2. mgr. lagagreinarinnar má þó ekki hefð vinna ef maður hefur náð umráðum með glæp eða óráðvandlegu atferli og sama er ef hann fær vitneskju um það, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig til komið. Þá segir í 3. mgr. að hafi hefðandi fengið hlut að veði, til geymslu, til láns eða á leigu geti slík umráð ekki heimilað hefð.

Stefndi hefur lagt fram gögn sem sýna að Kristinn Ólafsson hafi greitt iðgjöld vegna trygginga af bifreiðinni og fært hana til skoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins á árunum 1983-1985. Þá liggur fyrir skráningarskírteini bifreiðarinnar frá árinu 1983 þar sem Kristinn er tilgreindur sem eigandi hennar. Loks er meðal gagna málsins tilkynning um sölu bifreiðarinnar sem ber með sér að hafa verið fyllt út að hluta við það tímamark er stefndi kveðst hafa keypt hana af Kristni. Tilkynningunni virðist þó ekki hafa verið skilað til sýslumanns eða Bifreiðaeftirlits ríkisins eins og reglur þess tíma gerðu ráð fyrir auk þess sem skráningarnúmer bifreiðarinnar er misritað í henni. Hefur tilkynningin því ekki úrslitapýðingu til sönnunar í málinu. Benda þessi samtímagögn hins vegar eindregið til þess að Kristinn Ólafsson hafi litið á bifreiðina sem sína eign og komið fram sem eigandi hennar gagnvart stjórnvöldum og váttryggjanda árin 1983-1985. Kemur það heim og saman við frásögn stefnda fyrir dóminum. Af framangreindu virtu þykir verða að leggja til grundvallar að stefndi hafi verið í góðri trú um að bifreiðin hafi verið í eigu Kristins Ólafssonar þegar stefndi tók við vörslum hennar árið 1985. Gerði stefnandi engan reka að því að vitja bifreiðarinnar eða hlutast til um það að hún yrði færð úr vörslum stefnda fyrr en við höfðun héraðsdómsmálsins nr. A-3/2011 en fyrir liggur þó að stefnandi átti ekki aðild að því máli. Var hefðartími bifreiðarinnar samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 löngu liðinn við það tímamark og umráð stefnda yfir bifreiðinni óslitin allan hefðartímann. Liggja engin gögn fyrir í málinu sem benda til þess að stefndi hafi náð umráðum yfir bifreiðinni með glæp eða öðru óráðvandlegu atferli, sbr. 2. mgr.

2. gr. laga nr. 46/1905, eða haft vitneskju um að stefnandi teldi sig eiganda hennar fyrir en að hefðinni fullnaðri.

Stefnandi hefur lagt fram gögn um það að hann hafi allan þennan tíma verið og sé raunar enn skráður eigandi bifreiðarinnar samkvæmt ökutækjaskrá Creditinfo. Er enn fremur ljóst að sú skráning endurspeglar ökutækjaskrá Samgöngustofu. Í málinu er hins vegar til þess að líta að bifreiðin var afskráð úr skránni árið 1989 og liggur jafnframt fyrir að það var stefndi sem hlutaðist til um það. Þá er meðal gagna málsins tölvubréf starfsmanns Samgöngustofu þar sem fram kemur að stofnunin geymi engin skönnuð gögn um bifreiðina sem og tölvubréf skjalavarðar á Þjóðskjalasafni Íslands þar sem segir að upplýsingar um bifreiðina sé hvorki að finna í Bifreiðaskrá ríkisins né öðrum söfnum sem líklegastar væru til að geyma þær. Er því ekki unnt að líta svo á að skráningin sem stefnandi styður kröfur sínar við geti hafa girt fyrir að stefndi ynni hefð á bifreiðinni. Liggja ekki fyrir dóminum önnur skjallæg gögn til stuðnings fullyrðingum stefnanda um það að stefndi hafi einungis haft bifreiðina að láni frá stefnanda eða til geymslu þau rúmlega 40 ár sem liðin eru frá því að hún komst í vörslur stefnda, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Þá verður að taka fram að stefnandi hófst fyrst handa við að sækja rétt sinn á hendur stefnda eftir andlát Kristins Ólafssonar en ekki verður betur séð en að hann einn hefði getað varpað ljósi á það hvað þeim stefnanda samdist um þegar Kristinn tók við umráðum bifreiðarinnar. Sem fyrir greinir er það niðurstaða dómsins að gögn málsins styðji fullyrðingar stefnda um að hann hafi verið í góðri trú um að Kristinn hafi verið eigandi bifreiðarinnar í lok árs 1985. Hefur stefndi því, hvað sem líður óvissu um það hvað stefnanda og Kristni fór nákvæmlega á milli, að lágmarki unnið hefð á bifreiðinni frá því tímamarki á grundvelli laga nr. 46/1905.

Samkvæmt framangreindu og heildarmati á gögnum málsins er það niðurstaða dómsins að stefnandi geti ekki talist eigandi þeirrar bifreiðar sem dómkröfur hans taka til. Er því óhjákvæmilegt að sýkna stefnda af þeim.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað en hann þykir hæfilega ákveðinn 1.400.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Málið flutti fyrir hönd stefnanda Jóhann Fannar Guðjónsson lögmaður en Fjöltnir Vilhjálmsson lögmaður fyrir stefnda.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómari tók við málinu 1. nóvember 2024 en hann hafði fram til þess tíma engin afskipti af meðferð þess.

**Dómsorð:**

Stefndi, Kristinn Þór Egilsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Guðjóns Bjarnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 1.400.000 krónur í málskostnað.

Oddur Þorri Viðarsson